

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á auglýsingu (IV) um staðfestingu**  
**reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta, nr. 463/2020.**

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 676/2019, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2019/2020 staðfestir ráðuneytið breytingu á sérstökum viðbótarskilyrðum vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

**Akureyrarbær vegna Hríseyjar.**

Ákvæði reglugerðar nr. 676/2019 gilda um úthlutun byggðakvóta Hríseyjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 4. desember 2019.
- b) Ákvæði 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Réttindi til úthlutunar fylgja skipi, nema ef eigandi eða leigutaki fiskiskips, sbr. 1. gr. hefur endurnýjað fiskiskip sitt fram að 1. maí 2020 og getur hann í umsókn sinni óskað eftir að við úthlutun aflamarks, skv. 1. mgr. sé tekið tillit til landaðs afla eldra skips umsækjanda í sömu hlutföllum við úthlutun aflamarks til endurnýjaðs fiskiskips.
- c) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er heimilt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu á fiskmarkað án vinnsluskyldu, á tímabilinu frá 11. júlí 2020 til 31. ágúst 2020.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. júlí 2020.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

---

*Erna Jónsdóttir.*